

REGLUR

um breytingu á reglum um vísindaráð Háskólans á Akureyri, nr. 1208/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „hvorrar deildar“ í 1. málslíð kemur: fræðasviða háskólans.
- b. Í stað orðsins „deild“ í 2. málslíð kemur: svið.
- c. Í stað orðanna „Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri“ kemur: Stúdentafélag Háskólans á Akureyri.

2. gr.

Í stað orðanna „Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA“ í staflið e) 3. gr. reglnanna, kemur: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 10. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2020